



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um leikskóla sem eru opnir til kl. 17

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. nóvember 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. nóvember 2021:

Lagt er til að fimm leikskólar borgarinnar verði opnir til kl. 17, frá 1. janúar 2022. Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára, eða til 31. desember 2024, á grunni tillagna stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Þessir leikskólar verði Hagaborg í Vesturbæ, Langholt í Laugardal, Bakkaborg í Breiðholti, Klettaborg í Grafarvogi og Heiðarborg í Árbæ. Sjötti leikskólinn, Ævintýraborg við Nauthólsveg í Hlíðum, bætist við þegar hann hefur tekið til starfa.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:


Breyttur á opnunartími leikskóla er mikilvægur liður í því að bæta starfsskilyrði og nýta betur tíma starfsfólks á leikskólum. Tillagan kom fyrst fram í skýrslu um bætt starfsumhverfi á leikskólum. Í jafnréttismati kom fram að ákveðnir hópar eiga erfiðara en aðrir með skerta þjónustu og ljóst er að vissir hópar treysta á að geta haft dvöl til klukkan 17. Talið var mikilvægt að koma til móts við þá þörf. Farið var í það að tala við þá foreldra sem eru með samning lengur en til 16:30 og kanna hug þeirra til áframhaldandi dvalartíma til 17.00. Í kjölfar greiningar voru valdir sex leikskólar, einn í hverju hverfi, sem munu vera opnir til kl. 17.00 frá 1. janúar 2022. Um tilraunaverkefni til tveggja ára er að ræða, þar sem þörfin og fyrirkomulagið verður síðan metið. Er það gert til að koma til móts við þarfir fjölskyldna í samræmi við niðurstöður jafnréttismats.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna tillögunni enda verið að taka skref í rétta átt varðandi leikskólaþjónustu í borginni. Með henni er verið að bregðast við ábendingum sem fram hafa komið vegna veikrar stöðu viðkvæmra hópa, að þjónustuskerðing kæmi verst niður á vinnandi mæðrum, lágtekjuhópum, fólki af erlendum uppruna og þeim

sem hefðu lítinn sveigjanleika í starfi. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa ávallt hvatt til lausnamiðaðrar nálgunar í þessu máli.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, reading "Helgi Grímsson". The signature is written in a cursive, slightly slanted style.

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 15. nóv. 2021



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra um leikskóla sem verða opnir til kl. 17

Lagt er til að fimm leikskólar borgarinnar verði opnir til kl. 17, frá 1. janúar 2022. Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára, eða til 31. desember 2024, á grunni tillagna stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Þessir leikskólar verði Hagaborg í Vesturbæ, Langholt í Laugardal, Bakkaborg í Breiðholti, Klettaborg í Grafarvogi og Heiðarborg í Árbæ. Sjötti leikskólinn, Ævintýraborg við Nauthólsveg í Hlíðum bætist við þegar hann hefur tekið til starfa.

Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. ágúst 2021, í borgarráði þann 2. september 2021 og í borgarstjórn þann 7. september 2021 var samþykkt tillaga um dvalartíma barna og opnunartíma leikskóla og tillögur stýrihóps um umbætur á skipulagi og umhverfi leikskólastarfs Reykjavíkurborgar.

- Lagt er til að opnunartími í leikskólum borgarinnar verði frá kl.07:30-16:30, í stað 07:30-17:00 eins og verið hefur undanfarin ár.
- **Að 1-2 leikskólar í hverju hverfi verði þó opnir til kl.17:00 til að koma til móts við þann hóp foreldra sem þarf á dvöl að halda eftir kl.16:30.**
- Til viðbótar er lagt til að dvalartími barna verði að hámarki 9 klukkustundir daglega og að í sömu viku geti börn haft mismunandi dvalartíma í allt að 42,5 klst.
- Miðað verði við að grunnmönnum leikskóla nái yfir tímann frá kl. 8.00 til 16.30 en að þeir leikskólar sem bjóða upp á lengri opnunartíma fái fjárheimildir til að tryggja nauðsynlega mönnun til kl. 17:00.

Jafnframt var samþykkt að tillaga stýrihópsins taki gildi 1. janúar 2022 en að opnunartími leikskóla borgarinnar verði 7:30 til 16:30 í öllum leikskólum fram til áramóta. Frá 1. janúar 2022 verði opnunartími skilgreindra leikskóla, eins til tveggja í hverju hverfi, frá kl. 7:30 til 17:00, að því gefnu að aðstæður leyfi að teknu tilliti til heimsfaraldursins.

Þá var samþykkt að gefa foreldrum með dvalarsamning fram yfir kl. 16.30 kost á að tilkynna hvort þeir óski eftir að halda dvalartímanum eftir 1. janúar 2022. Nú þegar verði hins vegar hætt að gera dvalarsamninga eða samþykkja breytingar á dvalarsamningum í þá veru að dvalartími fari fram yfir kl. 16:30 nema í þeim leikskólum sem verða opnir til kl. 17:00.

Á grunni ofangreinds var leikskólastjórum falið að afhenda foreldrum, allra barna með gildandi dvalarsamninga fram yfir kl. 16.30 og foreldrum barna sem voru með slíkan samning fyrir breyttan opnunartíma af völdum Covid-19, bréf þar sem breytingin var kynnt og þeim gefinn kostur á að láta uppi óskir sínar um að halda dvalartíma fram yfir kl. 16.30 eftir 1. janúar 2022.

Frestur til þessa var gefinn til 22. október s.l. og leikskólastjórar sendu inn niðurstöður þessara samtala við foreldra en þær byggðu á eftirfarandi spurningum:

1. *Hver er fjöldi samninga í gildi núna um dvalartíma fram yfir kl. 16:30?*
Niðurstaða: 42 börn eru með samninga í gildi núna um dvalartíma fram yfir kl. 16:30.
2. *Hver er fjöldi samninga í gildi núna um dvalartíma fram yfir kl. 16:30, sem óskað er eftir að haldi sér frá næst komandi áramótum 2021 - 2022?*
Niðurstaða: Foreldrar 6 barna í 5 leikskólum óska eftir að halda gildandi samningi um dvalartíma eftir kl. 16.30 frá áramótum.
3. *Hver er fjöldi dvalarsamninga sem voru í gildi áður en leikskólar fóru að loka kl. 16:30 vegna Covid-19, en var breytt vegna sóttvarnarlokunar til kl. 16:30? (ath. ekki börn sem eru hætt.)*
Niðurstaða: 169 börn sem enn eru í leikskólum borgarinnar voru með dvalarsamning fram yfir kl. 16.30 áður en leikskólar fóru að loka kl. 16.30 vegna Covid-19.
4. *Hver er fjöldi dvalarsamninga, sem var breytt vegna Covid- 19, en foreldrar óska eftir að taki aftur gildi frá næstu áramótum?*
Niðurstaða: Foreldrar 5 barna sem voru með voru með dvalarsamning fram yfir kl. 16.30 áður en leikskólar fóru að loka kl. 16.30 vegna Covid-19, óska eftir að slíkur samningur taki aftur gildi frá næstu áramótum.
5. *Hve margir foreldrar, til viðbótar við þá sem spurt hefur verið um hér að framan, hafa lýst yfir þörf fyrir dvalartíma fram yfir kl. 16:30?*
Niðurstaða: Foreldri 1 barns, til viðbótar við þá sem spurt hefur verið um hér að framan, hefur lýst yfir þörf fyrir dvalartíma fram yfir kl. 16:30.

Samtals eru þetta því foreldrar 11 barna, sem eru með eða voru með dvalarsamning fram yfir kl. 16.30 fyrir Covid-19, sem óska eftir að halda tímanum, auk eins foreldris sem hefur óskað eftir þessum tíma.

Þessar 12 óskir um að halda dvalarsamningum frá næstu áramótum, skiptast svo á leikskóla:

1. Börn með samning í gildi núna:
 - a. Brákarborg 2

- b. Heiðarborg 1
 - c. Hálsaskógur 1
 - d. Maríuborg 1
 - e. Sunnufold 1
2. Börn sem voru með dvalarsamning fyrir Covid-19
- a. Hagaborg 2
 - b. Heiðarborg 1
 - c. Sunnuás 1
 - d. Gullborg 1
3. Aðrir foreldrar sem hafa lýst yfir þörf fyrir tíma fram yfir 16.30
- a. Rauðaborg 1

Rétt er að taka fram að þessi könnun nær ekki til hugsanlegra óska foreldra barna sem ekki falla undir ofangreinda hópa.

Tillaga að leikskólum sem verða opnir til kl. 17

Í ljósi ofangreinds er talið nægilegt sé að hafa einn leikskóla opinn til kl. 17 í hverjum borgarhluta og lagt til að 6 leikskólar fái þetta hlutverk. Við val á þessum leikskólum var fyrst og fremst horft til dreifingar þeirra um borgina, stærðar þeirra, aðgengis að þeim fyrir foreldra á leið innan hverfis eða inn eða út úr hverfinu.

1. Hagaborg í Vesturbæ.

Hagaborg er 93 barna leikskóli við Fornhaga 8. Þar eru tvö barnanna sem óskað er eftir að haldi dvalarsamningum eftir næstu áramót.

2. Ævintýraborg við Nauthólsveg í Miðborg/Hlíðum

Ævintýraborgin er nýr 100 barna leikskóli við Nauthólsveg sem áætlað er að hefji starfsemi sína á fyrsta ársfjórðungi 2022.

3. Langholt í Laugardal/Háaleiti

Langholt stendur við Sólheima 19 og 21 og rúmar 162 börn.

4. Bakkaborg í Breiðholti

Bakkaborg er 101 barns leikskóli við Blöndubakka 2.

5. Heiðarborg í Árbæ

Heiðarborg stendur við Selásbraut 56 og er 69 barna leikskóli. Þar dvelja 2 þeirra barna sem óskað er eftir að haldi dvalartíma fram yfir kl. 16.30.

6. Klettaborg í Grafarvogi/Grafarholti

Klettaborg er 71 barns leikskóli við Dyrhamra 5 í Grafarvogi.

